

## A 1885/presidiet

**Flytjandi** Flokkahópur hægrimanna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

**Þingmannatillaga  
um aukið öryggi á Norðurlöndum gegn netárásum****Tillaga**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún beiti sér fyrir samhentum átaki til að hrinda eins mörgum tillögum í skýrslu Björns Bjarnasonar í framkvæmd og unnt er í því skyni að efla norrænt samstarf gegn fjölþættum ógnum og netárásum

að hún stuðli að sameiginlegri samstöðuþýfirlýsingu allra norrænu þjóðþinganna þess efnis að árás á eitt ríkjanna verði álitin árásum á þau öll og jafnframt á lýðræðið á Norðurlöndum

**Bakgrunnsupplýsingar**

Norrænu löndin eru meðal þeirra landa sem lengst hafa gengið í stafvæðingu. Í því felast tækifæri en einnig áskoranir. Margfalt fjölbreyttari ógnir steðja nú að Norðurlöndum en fyrir fáeinum árum með því að ýmsir nýta ekki eingöngu hernaðarleg úrræði lengur til að ná pólitískum markmiðum. Aðilar á borð við Rússa og Kínverja beita oft aðferðum sem eru duldar og hægt er að afneita eins og netárásum, dreifingu villandi upplýsinga, beinum erlendum fjárfestingum í mikilvægum innviðum samfélagsins eða óeðlilegri íhlutun í kosningar til að vinna að markmiðum sínum.

Netárásir, íhlutun og njósnir gegn norrænu löndunum og Evrópu eiga sér endrum og sinnum stað. Þær beinast jafnt gegn stjórnvöldum sem fyrirtækjum og stjórnmalafélögum. Upp á síðkastið hafa bæði Stórþingið og þing Finna orðið fyrir netárásum auk þess sem fyrirtæki hafa þurft að kljást við iðnaðarnjósnir.

Þörf er aukinnar samvinnu og sterkari samstöðu ríkja á Norðurlöndum til að takast sameiginlega á við þau lönd sem beita þvítikum árásum gegn frjálsum og opnum samfélögum okkar.

Norrænt varnarsamstarf er mikilvægur vettvangur til að treysta öryggi til langs tíma á Norðurlöndum. Í júlí 2020 kynnti Björn Bjarnason framhaldsskýrslu Stoltenberg-skýrslunnar sem einkum beinir kastljósinu að auknu samstarfi norrænna landa gegn fjölþættum ógnum og netárásum. Mikilvægt er að norrænu löndin taki höndum



saman um að hrinda eins mörgum tillögum í skýrslunni í framkvæmd og unnt er í því skyni að efla norrænt samstarf á þessu sviði.

Auk þess ættu norrænu löndin að standa saman þegar eitt eða fleiri norræn lönd verða fyrir netárásum. Hin diplómátíska verkfærakista Evrópusambandslandanna gegn netógnum, sem kynnt var árið 2017, veitir mikilvægan innblástur en henni er ætlað að auka samstarf, auka möguleika á að takmarka netógnir til lengri og skemmri tíma og á að verjast framferði ógnandi aðila þegar til kemur. Sambærileg norræn diplómátísk verkfærakista myndi leiða til sameiginlegra aðgerða þar sem norrænu löndin opnuðu á þvingunarúrræði, öll fyrir eitt og eitt fyrir öll, með auknu gagnkvæmu trausti til leyniþjónustu hvert annars þegar kemur að ákvarðanatöku vegna netárása.

Sameiginlegt norrænt notagildi tillögunnar felst í auknu öryggi á Norðurlöndum gegn netárásum.

Norðurlöndum, 18. maí 2021

*Anna-Kaisa Ikonen (saml)*

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*

*Hans Wallmark (M)*

*Juhana Vartiainen (saml)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Marianne Synnes Emblemsvåg (H)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Nils-Aage Jegstad (H)*

*Norunn Tveiten Benestad (H)*

*Pål Jonson (M)*

*Rasmus Jarlov (K)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*

*Vilhjálmur Árnason (Sj.)*

*Wille Rydman (saml)*